



Sérstakt tré í grenndarskóginum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna. Hvaða tré er sérstakast, s.s. sverast, grennst, hæst, fallegast eða ljótast í grenndarskóginum?

Námsgreinar: Samþætting, hönnun og smíði, lífsleikni, náttúrufræði, stærðfræði, heimilisfræði.

Aldur: Allir aldurshópar.



VERKLÝSING

Nemendur leita t.d. að sverasta trénu í skóginum. Mæling miðast oftast við brjósthæð fullorðins manns. Tréð er auðkennt og aðrir þættir vegnir og mældir, s.s. hæð og lýsing á útliti. Einnig er trjátegundin greind. Færa má inn á kort staðsetningu og jafnvel gefa trénu nafn og leita eftir hugmyndum frá nemendum (svera öspin, gamla grenið ...).

Leggja má leiðangurinn upp sem rannsóknarferð. Þá má teikna trén og færa inn á kort, nafngreina, númera og greina frá niðurstöðum á fjölbreyttan hátt.

Markmið: Vekja athygli nemenda á sverleika trjána í grenndarskóginum og það sérstaka sem einkennir hvert tré, t.d. hæð, sverleiki, aldur, greinamassi, einstofna/margstofna, breiðast, grennst o.s.frv.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Málband eða mæliklafi. Blað og býantur til að skrá staðsetningu og einkenni.

Undirbúa með umræðu um einkenni einstakra tráteguna, hæð, sverleika, margstofna/einstofna o.s.frv. Svo má leita eftir hugmyndum nemenda um fagurfræði í þessu sambandi með því að leita eftir skoðunum þeirra á því hvaða tré séu fallegust, draga fram einkenni einstakra trjáa og gefa þeim nafn eftir útliti.